

## II. Tillaga til 405. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 12. október 2017

Tillaga frá 484. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, 27. september sl., að umsögn um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu, einnig tillögu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Árneshrepps þann 15. ágúst 2017.

### 1. **Árneshreppur - breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar - 2017090023**

Lagður fram tölvupóstur Boga Kristinssonar Magnusen, skipulags og byggingarfulltrúa Árneshrepps, dagsettur 31. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu, einnig tillögu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Árneshrepps þann 15. ágúst 2017.

*Skipulags og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjargerir ekki efnislegar athugasemdir við framkomnar breytingartillögur við aðalskipulag Árneshrepps og tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvalárvirkjun. Nefndin bendir þó á að betur megi skilgreina vinnusvæði á skilgreindum byggingarreit vinnubúða.*

*Svæðið sem aðalskipulagsbreytingin nær til er í yfir 10 km fjarlægð frá sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps. Þá er það svæði sem mun og kann að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum í um 13 km fjarlægð frá sveitarfélagamörkunum. Það er því mat nefndarinnar að fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki á nokkurn hátt hafa neikvæð áhrif á eigendur jarða eða fasteigna í Ísafjarðarbæ.*

*Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa í um áratug horft til Hvalárvirkjunar sem vendipunkt í raforkumálum í fjórðungnum. Með virkjuninni skapast forsenda fyrir hringtengingu raflína á Vestfjörðum með lagningu línu um Ísafjarðardjúp og orkuframleiðslu sem hefur möguleika á að anna allri eftirspurn á Vestfjörðum, án notkunar jarðefnaeldsneytis. Ótíltæki á Vestfjörðum er í dag með því hæsta sem gerist á landinu og er landshlutanum samfélagslega dýrt, en það er metið á nokkur hundruð milljónir árlega.*

*Með virkjun Hvalár og hringtengingu verður því komin upp ný staða í raforkumálum á Vestfjörðum, með áður óþekktu raforkuöryggi og reiðuaflum sem gefur færi á fjölbreyttum iðnaði sem krefst orku í litlu og meðalstóru magni.*